

Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

Breyting á reglugerð - nr. 7

Tillaga að breytingu á reglugerð um Íslandsgöngur

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Var:

1. Keppnin heitir Íslandsgangan.
2. Keppnin er fólgin í þátttöku í allt að sex sjálfstæðum almenningsgöngum á skíðum á sama vetri.
3. Stig þátttakanda eru þannig reiknuð:

1.sæti	50 stig	11.sæti	10 stig
2.sæti	44 stig	12.sæti	9 stig
3.sæti	38 stig	13.sæti	8 stig
4.sæti	33 stig	14.sæti	7 stig
5.sæti	28 stig	15.sæti	6 stig
6.sæti	24 stig	16.sæti	5 stig
7.sæti	20 stig	17.sæti	4 stig
8.sæti	17 stig	18.sæti	3 stig
9.sæti	14 stig	19.sæti	2 stig
10.sæti	12 stig	20.sæti og aftar	1 stig

4. Samanlögð stig úr öllum mótum ráði úrslitum. Séu keppendur jafnir að stigum skal sá teljast fremri sem hefur fleiri 1.sæti, 2.sæti o.s.frv.
5. Verðlaun í Íslandsgöngunni skulu veitt fyrir þrjú efstu sæti í eftirtöldum flokkum.

Konur	17-35 ára	36-50 ára	51-60 ára	61 ára og eldri
Karlar	17-35 ára	36-50 ára	51-60 ára	61 ára og eldri

16 ára og yngri er óheimil þátttaka í 20 km eða lengri vegalengd í Íslandsgöngunni. Færsla á milli flokka er óheimil. Að auki hljóti allir þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttökuna í hverri grein.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

6. Stefnt skal að því að mótin fari sem víðast um landið. Sækja skal um mót í Íslandsgöngunni til skíðagöngunefndar SKÍ fyrir 1. september. Skíðagöngunefnd ákveður hvaða mót eru í Íslandsgöngunni ár hvert. Lágmarksvegalengd göngumóts í Íslandsgöngunni er 20 km. Þó gilda ekki reglur um hámarksvegalengdir í Íslandsgöngunni.
7. Skíðagöngunefnd SKÍ er framkvæmdaaðili Íslandsgöngunnar og veitir allar almennar upplýsingar um keppnina, auglýsir hana í byrjun vetrar og birtir stigagjöf að lokinni hverri göngu og úrslit að lokinni síðustu göngu vetrarins.
8. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts fyrir sig auglýsir mótið og birtir sín úrslit í fjölmiðlum og tilkynnir þau skriflega til SKÍ og skíðagöngunefndar SKÍ innan viku frá því gangan fór fram.
9. Skautaskrefið er bannað í almenningsgöngum þeim, sem standa að Íslandsgöngunni. Þó má skauta við eftirfarandi aðstæður: Í kröppum beygjum, þegar skipt er um spor og brautarhelming.
10. Legu brautar í Íslandsgöngunni skal miða við að um almenningsgöngu er að ræða. Lágmarka skal hæðarmun eins og kostur er, tryggja skal að rými sé til að halda aftur af hraða á leið niður brekkur og rásir í beygjum sé það stór að ekki sé erfitt að standa í spori í gegnum beygjur.
11. Að öðru leyti gilda mótareglur SKÍ um mótahald og keppni.

Verður:

1. Keppnin heitir Íslandsgangan.
2. Keppnin er fólgin í þátttöku í allt að sex sjálfstæðum almenningsgöngum á skíðum á sama vetri.
3. Stig þátttakanda eru þannig reiknuð:

1.sæti	50 stig	11.sæti	10 stig
2.sæti	44 stig	12.sæti	9 stig
3.sæti	38 stig	13.sæti	8 stig
4.sæti	33 stig	14.sæti	7 stig
5.sæti	28 stig	15.sæti	6 stig
6.sæti	24 stig	16.sæti	5 stig
7.sæti	20 stig	17.sæti	4 stig

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

8.sæti	17 stig	18.sæti	3 stig
9.sæti	14 stig	19.sæti	2 stig
10.sæti	12 stig	20.sæti	1 stig

4. Samanlögð stig úr öllum mótum ráði úrslitum. Séu keppendur jafnir að stigum skal sá teljast fremri sem hefur fleiri 1.sæti, 2.sæti o.s.frv.
5. Verðlaun í Íslandsgöngunni skulu veitt fyrir þrjú efstu sæti í eftirtöldum flokkum hjá körlum og konum.

	2018/2019*	2019/2020	2020/2021
17-34 ára	1985-2002	1986-2003	1987-2004
35-49 ára	1970-1984	1971-1985	1972-1986
50-59 ára	1960-1969	1961-1970	1962-1971
60 ára og eldri	1959 og eldri	1960 og eldri	1961 og eldri

*Aldur miðast við almanaksárið 2019

Færsla á milli flokka er óheimil. Að auki hljóti allir þátttakendur viðurkenningu fyrir þátttökuna í hverri grein.

6. Stefnt skal að því að mótin fari sem víðast um landið. Sækja skal um mót í Íslandsgöngunni til skíðagöngunefndar SKÍ fyrir 1. september. Skíðagöngunefnd ákveður hvaða mót eru í Íslandsgöngunni ár hvert. Lágmarksvegalengd göngumóts í Íslandsgöngunni er 20 km. Þó gilda ekki reglur um hámarksvegalengdir í Íslandsgöngunni.
7. Skíðagöngunefnd SKÍ er framkvæmdaaðili Íslandsgöngunnar og veitir allar almennar upplýsingar um keppnina, auglýsir hana í byrjun vetrar og birtir stigagjöf að lokinni hverri göngu og úrslit að lokinni síðustu göngu vetrarins.
8. Framkvæmdaraðili hvers göngumóts fyrir sig auglýsir mótið og birtir sín úrslit í fjölmiðlum og tilkynnir þau skriflega til SKÍ og skíðagöngunefndar SKÍ innan viku frá því gangan fór fram.
9. Skautaskrefið er bannað í almenningsgöngum þeim, sem standa að Íslandsgöngunni. Þó má skauta við eftirfarandi aðstæður: Í kröppum beygjum, þegar skipt er um spor og brautarhelming.
10. Legu brautar í Íslandsgöngunni skal miða við að um almenningsgöngu er að ræða. Lágmarka skal hæðarmun eins og kostur er, tryggja skal að rými sé til að halda aftur af hraða á leið niður brekkur og rásir í beygjum sé það stór að ekki sé erfitt að standa í spori í gegnum beygjur.
11. Að öðru leyti gilda mótareglur SKÍ um mótahald og keppni.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

Útskýring og rökstuðningur

Einungis veitt stig fyrir 20 efstu. Mikill vinna er við að veita öllum stig á sama tíma og þetta eina stig hefur ekkert að segja í stigakeppninni.

Uppsetning á aldursflokkun einfölduð og breytt. Eldri aldursflokkum breytt um eitt ár og árgangar settir inn til að einfalda. Aldur miðast við seinna almanaksárið á keppnistímabilinu.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld